

Samkomulag

milli Einingar-Iðju annars vegar og TDK Foil Iceland ehf. hins vegar vegna félagsmanna Einingar-Iðju í vaktavinnu hjá TDK Foil Iceland ehf.

Kjarasamningur Einingar-Iðju og TDK Foil Iceland ehf. framlengist með svofelldum breytingum:

1. gr.

Laun:

Grunnlaun vaktavinnustarfsmanna í verksmiðju TDK Foil Iceland hækka með eftirfarandi hætti:

Grunnlaun hækka á gildistíma samkomulagsins:

Frá 1. janúar 2021	Grunnlaun hækka um kr. 24.000.-
Frá 1. janúar 2022	Grunnlaun hækka um kr. 25.000.-
Frá 1. janúar 2023	Grunnlaun hækka um kr. 12.000.-

Verði samið á almennum vinnumarkaði um launahækkanir umfram þær er samningur þessi kveður á um á árinu 2023 munu grunnlaun samkvæmt samningi þessum taka samsvarandi hækkun. (sama framkvæmd og á síðasta samningstímabili).

2. gr.

Tækniramma:

Settur verður á fót starfshópur skipaður trúnaðarmönnum Einingar-Iðju og fulltrúum TDK sem endurskoða tækniramma 1-2-3 með það fyrir augum að gera þá skilvirkari. Farið verður yfir alla þætti sem lagðir er til grundvallar í núverandi tæknirömmum og þeim breytingum sem orðið hafa á starfseminni. Einnig skal horft til framtíðar.

Ráðinn verði starfsmaður í fullt starf til að endurgera tæknirammann í starfshópnum, sem mun sjá um þjálfun og prófatöku.

Rannsóknarstofu hluti tæknirammans verði tekinn í burtu frá hluta framleiðslunnar í þeirri vinnu. Ekki verður farið í sérstakan tækniramma fyrir rannsókn að svo stöddu fyrr en tækniramma framleiðslunnar verði kláraður.

Vinnu hópsins skal lokið 1. janúar 2022 og niðurstöðum verði þá skilað til samningsaðila og í framhaldi verða tekin stöðupróf.

Einnig skal nýr tækniramma fyrir rannsóknarstofu liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl 2022.

TDK Foil hækkar 13 manns (í framleiðslu og á rannsóknarstofu samanlagt) um næsta þrep sem þau telja geta staðist næsta tæknirammaskref án núverandi prófatöku(yfirferð og upprifjun) frá og með 1. júní 2021. Ef upp kemur að fleiri aðilar geti staðist þessa yfirferð þá verður það skoðað.

Handwritten signatures and initials: GAN, AS, PRV, and others.

3. gr.

Vaktstjórar:

Vaktstjóraálag hækkar þann 1. janúar 2021 og 1. janúar 2022 um 2,5%. 1. janúar 2023 um 5.000 kr. Þeir sem vinna sem lead operator fá álag sem samsvarar 45% af vaktstjóraálagi fyrir þann tíma sem þeir eru í því starfi.

4. gr..

Mætingarbónus :

Mætingarbónus hækkar 1. maí 2021 um 2,5% og 1. janúar 2022. Þann 1. janúar 2023 verður mætingarbónusinn kr. 18.396.- felldur inn í grunntaxta sbr. meðfylgjandi launatöflu og falla þá úr gildi öll ákvæði um mætingarbónus í kjarasamningi.

5. gr.

Orlofs- og desemberuppbót:

Orlofsuppbót verður á samningstímabilinu:

2021: 152.500.-

2022: 155.000.-

2023: 157.500.-

Desemberuppbót verður á samningstímabilinu:

2021: 300.000.-

2022: 305.000.-

2023: 307.500.-

6. gr.

Vinna á stórhátíðum

Álag vegna vinnu á föstudaginn langa, páskadag, jóladag og nýársdag verður 550 krónur á tímann, sömuleiðis eftir kl. 12:00 á aðfangadag og gamlársgil. Gildir frá 1. janúar 2021. Álagið hækkar þann 1. janúar 2022 í kr. 565 og 1. janúar 2023 í kr. 580.


7. gr.

Gildistími:

Samningurinn gildir frá 1. janúar 2021 til 31. desember 2023 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Akureyri, 24. mars 2021

F.h. Einingar-Iðju


Pálmi Rímar
Arnar Sigursson
þórfrið
Guðmundur H.
Þóbert Jónsson

F.h. TDK Foil Iceland ehf


Eddbjörn